

Fundur í Nemendafélagi 3. febrúar 2025 kl. 10:50

Mættir: Arnþór, Lúkas, Helgi, Valgarður, Einar Ási, Díana, Veronika, Oddur og Palli. Á fundinn vantaði Harald, fulltrúa 7. Bekkjar.

1. Farið yfir síðustu fundargerð, ath daglega stærðfræðikennslu í 6. og 7. bekk, leiklistarkennslu í 5. bekk og ákveðið að bjóða alltaf upp á djús og kex á fundum Nemendafélagsins.
2. Skíðaferð: Farið var í skíðaferðina þriðjudaginn 28. janúar sl. Almenn ánægja með ferðina og ákveðið að hafa þetta með þessu sniði árlegan viðburð fyrir unglingastig.
3. Drög að skóladagatali 2025 – 2026 kynnt. Fulltrúum leist vel á drögin og gerðu engar athugasemdir.
4. Vantar einn fulltrúa í Ungmennaráð Hvalfjarðarsveitar, Oddur bauð sig fram og það samþykkt.
5. Sveitaball í Logalandi fyrir unglingastig 13. febrúar, kostar 2500 kr. inn og sjoppa á staðnum.
6. Önnur mál:
 - Vantar prentara á unglingastig – það mál er í ferli.
 - Annars bara góð stemming í Heiðarskóla og allir sáttir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:15